

Aðalfundur Ungmennafélags Njarðvíkur haldinn þann 12. apríl 2023 kl.

20:00 í Íþróttamiðstöð Njarðvíkur

Mættir voru: Guðný B. Karlsdóttir, Hámundur Örn Helgason, Einara L. Kristjánsdóttir, Ólafur Eyjólfsson, Þórdís B. Ingólfssdóttir og Thor Hallgrímsson úr stjórn félagsins ásamt 35 öðrum Félagsmönnum og gestum.

Dagskrá fundarins:

1. Fundur settur
 - Kosning fundarstjóra
 - Kosning fundarritara
 - Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
 - Ávarp formanns
 - Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda til samþykktar vegna ársins 2022
2. Lagabreytingar
3. Heiðursviðurkenningar
4. Ávarp gesta
5. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda
 - a. Kosinn formaður til eins árs
 - b. Kosnir tveir stjórnarmenn til tveggja ára
 - c. Kosnir tveir menn í varastjórn til eins árs
 - d. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara
6. Önnur mál
7. Fundarslit

FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

1. Ólafur Eyjólfsson setur fundinn, býður gesti velkomna og stingur upp á Stefáni Thordersen sem fundarstjóra, það er samþykkt samhljóða, Ólafur stingur upp á Þórdísi B. Ingólfssdóttur sem fundarritara sem er einnig samþykkt samhljóða.

Fundargerð síðasta aðalfundar er lögð fram.

Ólafur Eyjólfsson formaður fer yfir það helsta sem fram fór á árinu.

Ólafur minntist á nefndir félagsins, unglingslandsmót UMFÍ, landsmót 50+, sport og æfintýraskólann, samráðsfund UMFÍ, styrktar reglur UMFN en eins og hefð er fyrir þá veitir aðalstjórn styrki til þeirra sem eru í landsliðum, Ólafur talaði um þorrablót sem var loksins haldið á nýjan leik eftir heimsfaraldur, mjög vel heppnað þorrablót sem var öllum til sóma. 12 bókaðir aðalfundir voru haldnir.

Ólafur fór svo yfir helstu afrek deildanna á árinu 2022. Árangur Knattspyrnudeildar, fótballaliðið okkar sigraði 2. deild og fóru því upp um deild með glæsibrag.

Körfuboltinn gekk einnig vel og má þá helst nefna Íslandsmeistaratitill kvenna. Það gekk vel hjá öllum deildum hvað árangur varðar og þetta hefur verið gott ár.

Formaður vill þakka öllum sjálfboðaliðum fyrir allt þeirra óeigingjarna starf.

Formaður vonar að bærinn sjái sér fært að veita meiri stuðning og nefnir þá helst þann möguleika á starfsmanni fyrir félagið en það er það sem þarf á þessum tímum þegar félagið stækkar ört. Framkvæmdastjóri félagsins er með mikið á sinni könnu og er draumurinn að félagið fái fjármagn hjá bænum til að ráða í stöðu fjármálastjóra sem starfar þvert á allar deildir. Vonandi verður hægt að færa félagið til nútímans með komu fleiri starfsmanna á skrifstofu. Nýtt íþróttahús verður vonandi tekið í notkun næsta haust eða allavega næsta vetur. Formaður ítrekar þakki til allra sjálfboðaliða sem eru að vinna ótrúlegt starf.

Stefán þakkar Ólafi fyrir sitt ávarp og býður Guðna Þór Gunnarsson að koma í pontu og kynna ársreikning félagsins.

Guðni Þór Gunnarsson kemur í pontu. Hann bendir á að reikningarnir liggja á borðum

FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

fyrir framan gesti. Guðni fer yfir reikningana.

Spurning úr sal: Hvað útskýrir þessa hækkun lottótekna. Framkvæmdastjóri útskýrir og Guðmundur Sigurbergsson gjaldkeri UMFÍ bætir við.

Stefán ber reikninga félagsins upp til samþykktar og eru þeir samþykktir með yfirgnæfandi meirihluta.

2. Stefán býður Hámundi Erni að koma í pontu og fara yfir tillögur til lagabreytinga frá aðalstjórn.

Tillaga 1:

7. grein laga félagsins sem lúta að aðalfundum félagsins. Tillöguna má sjá hér að neðan. Breytingar/viðbót eru merktar með **breiðu lettri**.

7. grein (var)

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald og ákvörðunarrétt í öllum málum þess. Skal hann haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Auglýsa skal aðalfundinn opinberlega, **í staðarblöðum**, með 2 vikna fyrirvara. Aðalfundurinn telst lögmætur ef löglega er til hans boðað. Tillögum um breytingar á lögum félagsins skal senda aðalstjórn eigi síðar en 3 vikum fyrir aðalfund. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum félagsins, sem síðar koma fram ef 2/3 hlutar viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna eru því samþykkir.

7. grein (verður)

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald og ákvörðunarrétt í öllum málum þess. Skal hann haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Auglýsa skal aðalfundinn opinberlega, **á heimasíðu og/eða samfélagsmiðlum félagsins**, með 2 vikna fyrirvara. Aðalfundurinn telst lögmætur ef löglega er til hans boðað. Tillögum um breytingar á lögum félagsins skal senda aðalstjórn eigi síðar en 3 vikum fyrir aðalfund. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum félagsins, sem síðar koma fram ef 2/3 hlutar viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna eru því samþykkir.

Tillaga 2:

Snýr að Úrsögnum, eignum og félagaslitum, þar bætist við grein.

30. grein

Aðalstjórn félagsins getur lagt niður deild innan félagsins ef starfsemi deildarinnar kastar rýrð á félagið, deildin fer ekki að lögum félagsins eða rekstur deildarinnar stefnir hagsmunum félagsins í voða. Deildin verður ekki lögð niður nema á aðalfundi eða aukaaðalfundi félagsins og þá með samþykki 2/3 viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna.

Verði deild lög niður skal fara með eignir hennar sbr. 29. þessara laga.

Umræða skapast varðandi síðari tillögu.

Fundarstjóri ber tillögu eitt til samþykktar – Samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Fundarstjóri ber tillögu tvö til samþykktar – Samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Gunnar Örn Guðmundsson biður um að fá að gera grein fyrir atkvæði sínu.

Gunnar segir að þegar ágreiningur er þarf að íhuga það mikið betur og finnst honum þessi lagagrein harðorð og alvarlegt mál að setja þessa lagabreytingu.

3. Stefán býður Ólafi að koma í pontu til að veita heiðursviðurkenningar. Eftirfarandi aðilum er veitt:

Bronsmerki fyrir 10 ára starf eða keppni fyrir félagið:

Ísak Tómasson (KKD)

Vala Vilhjálmsdóttir (KKD)

Ellert Björn Ómarsson (Lyftingadeild)

Haukur Aðalsteinsson (KND)

Hjalti Már Brynjarsson (KND)

Þórdís B. Ingólfssdóttir (KND, KKD, Aðalstjórn)

Gullmerki fyrir 20 ára starf eða keppni fyrir félagið:

FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

Sigurgeir Svavarsson (KKD)

Gunnar Örlygsson (KKD)

Bjarni Sæmundsson (KND)

Ólafur óskar viðurkenningarhöfum til hamingju og býður Stefán Thordersen að koma í pontu til að afhenda Ólafsbikarinn. Sá bikar er afhentur af Thordersen fjölskyldunni og er ætlaður þeim sem vinna óeigingjarnt starf fyrir félagið. Bikarinn í ár hljóta hjónin Hjalti Már Brynjarsson og Geirný Geirsdóttir fyrir þá ótrúlega miklu vinnu sem þau og fyrirtæki þeirra hafa lagt til íþróttastarfsins hjá félaginu.

4. Ólafur óskar þeim hjónum til hamingju og býður Guðmundi Sigurbergssyni frá UMFÍ að koma í pontu. Guðmundur óskar félagsmönnum til hamingju með góða skýrslu og ársreikning. Loksins hægt að koma á samkomur sem þessar eftir heimsfaraldur. Hann hvetur fólk til að huga að Íslenskri getspá og nefnir að það bjóðast ýmsar leiðir á internetinu til að spila en flestar þeirra eru útlenskar og skila engu til baka til landsins. Guðmundur hvetur fulltrúa UMFN að mæta á þing UMFÍ sem verður í haust. Hann minnst á nýja þjónustumiðstöð UMFÍ og skólabúðirnar á Reykjum, leitt að segja frá því að skólabúðir á Laugarvatni heyra líklega sögunni til vegna húsnæðismála. Landsmót 50+ og unglíngalandsmót voru loksins haldin og nýjir viðburðir eins og drulluhlaup og forsetahlaup. Hvetur gesti að kíkja í heimsókn til UMFÍ og þakkar kærlega fyrir sig.

5. Kosningar;

- a. Ólafur Eyjólfsson býður sig fram til formanns og er kosinn samhljóða.
- b. Einara L. Kristjánsdóttir og Þórdís Björg Ingólfsdóttir bjóða sig fram til tveggja ára stjórnarsetu og eru kosnar samhljóða.
- c. Thor Hallgrímsson og Guðný B. Karlsdóttir bjóða sig fram til varamanna til eins árs og eru kosnir samhljóða.
- d. Valþór Söring og Kristín Örlygsdóttir bjóða sig fram sem skoðunarmenn

FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

reikninga og Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir til vara og eru þau öll kosin samhljóða.

6. Önnur mál

Rafíþróttardeild Njarðvíkur kynnir fyrirhugaða starfsemi.

Stefán biður Kára Oddgeirsson formann deildarinnar að koma upp og kynna áætlanir þeirra. Góð kynning og spurningum svarað.

Stefán óskar eftir samþykki fundarins fyrir stofnun Rafíþróttardeildar Njarðvíkur sem hlýtur einróma samþykki og lófaklapp.

Orðið er laust.

Friðjón Einarsson bæjarfulltrúi Reykjanesbæjar kemur í pontu. Hann vill ræða um hvað sé að gerast hjá bæjarfélaginu. Fjármál félagsins standa vel og er meira en að segja það að halda utan um fjármál UMFN endar veltan eins og hjá meðalstóru fyrirtæki hér í bæ. Friðjón fer aðeins inn á þær nefndir sem skipaðar voru af Reykjanesbæ sem munu skila af sér skýrslu á næstu dögum, nefndir um endurskoðun rekstrarsamninga og uppbyggingu íþróttamannvirkja. Hann talar um að 66% tekna aðalstjórnar komi frá Reykjanesbæ sem sé óeðlilega hátt hlutfall, við þurfum að fá stóru fyrirtækin hér á svæðinu til að taka meiri þátt og er bæjarstjóri að leiða þá vinnu með að fara og heimsækja þessi fyrirtæki. Svo er það sem félögin og bærinn þurfa að breyta. Félögin eru föst í úreltu formi og hafa ekki fylgt félögum eins og t.d. Valur, Haukar og fleiri þar sem þau félög eru með skrifstofu með fleiri starfsmönnum. Hvatagreiðslur eru greiddar til barna til 18 ára aldurs og í haust verða hvatagreiðslur til eldri borgara. Það eru margar hugmyndir á lofti hvernig við getum gert þetta betur og aukið samvinnu milli stóru félagana tveggja, t.d. sameiginlegur knattspyrnuvöllur, samnýta sláttur vélar og starfsmenn. Við finnum í samfélaginu að fólk vill breytingar, sundur leitin er of mikil. Saman þurfum við að bæta hlutina. Stundum finnst mér ég vera boðberi slæmra tíðinda, stundum þarf að segja hlutina eins og þeir eru. Viljum

FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

gera hlutina betur og þess vegna þarf að breyta þessu alveg. Að lokum þá vil ég svara þessu varðandi íþróttahúsið í Stapaskóla, það opnar vonandi í haust en gæti seinkað um einhverjar vikur.

Kristín Örlýgsdóttir formaður Kjörfuknattleiksdeildar tekur til máls. Kristín svarar Friðjóni og segir að aðeins 7% tekna Reykjanesbæjar fari til íþróttar og telur að Friðjón hafi verið alltof neikvæður í okkar garð, hvar er þetta jákvæða spyr hún. Reykjanesbær væri ekki mikið án íþróttar og meistaraflökkarnir mikilvægir til að halda úti góðu barna og unglíngastarfi.

Friðjón kemur í pontu. Hann er ekki að öllu sammála því sem Kristín segir, 56 milljónir settar í íþróttir hjá Reykjanesbæ og hefur aldrei í sögunni verið meira. Hann vill tala hreint út og vill jafnframt ítreka það að eina markmið bæjarins sé að styðja íþróttahreyfinguna en ef við vinnum ekki saman í þessu þá fer þetta ekki vel, það skiptir okkur máli hvert peningarnir fara. Njarðvík og Keflavík þurfa að vinna betur saman.

Spurningar úr sal til Friðjóns:

Hvatagreiðslur telur þú þær með í þessum 56 milljónum? Það er ekki styrkur til íþróttafélagana heldur styrkur til foreldra. Því er Friðjón sammála.

Helgi Arnarson kemur í pontu og tekur til máls. Hann byrjar á því að skila kveðju frá bæjarstjóra sem gat því miður ekki mætt í kvöld. Helgi vill óska félaginu til hamingju með frábæran árangur í íþróttum 2022 og telur upp íslandsmeistara, deildarmeistara, heimsmeistara og fleira. Árið 2022 var gjöfult ár og oft talað það niður að við séum íþróttabær en árangur Njarðvíkur undirstrikar það að við séum svo sannarlega íþróttabær. Til hamingju með ársreikninginn sem kom vel út og til hamingju sjálfboðaliðar enn og aftur.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir forseti bæjarstjórnar tekur til máls. Hana hlakkar til að fá kynningu frá starfshópum nefndanna og vinna eftir því sem þar kemur fram. Hún vill standa vörð um íþróttastarf barnanna okkar, íþróttirnar eru svo rosalega mikilvægar fyrir öll börn og fullorðna. Við erum að fylgjast með ungu fólki frá Njarðvík sem eru í skólum úti í heimi þökk sé íþróttar og gaman að sjá hversu vel

FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

gengur. Án sjálfboðaliða værum við ekki á þessum stað sem við erum í dag.

Alexander Ragnarsson tekur til máls. Hann vill óska nýkjörinni stjórn til hamingju og jafnvel þakka það mikilvæga og krefjandi starf sem þau vinna, hann óskar okkur öllum til hamingju.

7. Stefán Thordersen þakkar fyrir líflegan fund og slítur fundi með skemmtilegum og lýsandi lokaorðum. Fundi slitið kl. 21:57

